um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Frv. þetta er komið frá Nd., en þar var það lagt fram sem stjórnarfrumvarp. Nd. gerði á því nokkra breytingu.

Menntamálanefnd Ed. hefur rætt frv., og samþykkti meiri hluti hennar að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað 2. og 3. málsgr. 1. gr. komi:

Nú hefur barnaskóli hlotið löggildingu samkv. 1. málsgr. og starfað fimm ár eða lengur með góðum árangri að dómi fræðslumálastjórnar, og er þá heimilt að greiða úr ríkissjóði hálf laun fastra kennara við þann skóla og iðgjald til lífeyrissjóðs, 6% af fjárhæð, er nemur fullum launum hlutaðeigandi kennara, enda fái þeir greiddan úr hlutaðeigandi bæjarsjóði eða sveitarsjóði lögmæltan hluta launa og iðgjalds til lífeyrissjóðs og verði ráðnir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla.

Einn nefndarmanna (HG) var mótfallinn frv. SÓÓ var fjarstaddur.

Alþingi, 24. marz 1956.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson.